



AKUREYRARSTOFA



Akureyrarbær

Menningarsjóður Akureyrar styrkir eftirfarandi verkefni árið 2021.



Mótorhjólasafn Íslands 10 ára Sýning á munum í eigu Hilmars Lúterssonar

Mótorhjólasafnið heldur upp á 10 ára afmæli sitt 15 maí 2021. Í tengslum við afmælið verður opnuð sýning tileinkuð Hilmar Lútersyni. Skoðunardagur gamalla mótorhjóla verður í samstarfi við Bílklúbb Akureyrar, Hópakstur og að lokum kaffisamsæti og lifandi tónlist á safninu.



Söguskúlptúrar

Söguskúlptúrar á Akureyrarvöku. Söguskúlptúrnir eru fjórir útiskúlptúrar að hætti RÖSK og verða staðsettir í Listagilinu í kringum RÖSK RÝMI Rösk leggur áherslu á að færa listina til fólksins. Það hefur aldrei verið mikilvægara en einmitt núna á tímum Covid. Söguskúlptúrnir eru ekkert venjulegar verur, þeir eru allavega, frumlegir, fjörugir og sumir e.t.v hinsegin. Allir eru allskonar og kannski birtist eitthvað alveg nýtt og óþekkt. Sérstæða RÖSK felst í fjölbreytileika, samtali og samspili í frumsköpun. Rösk notar mest endurunnin efni í listsköpuninni sinni sem þykir til fyrirmyndar.



Hríseyingar að störfum

Ljósmyndir af Hríseyingum við störf, teknar myndir við vinnu og stutt viðtal þar sem fram kemur nafn, aldur, starfsheiti og lífsmottó ef eitthvað. Að verkefninu kemur Kristín Björk Ingólfssdóttir sem ljósmyndari. Fyrirhugað er að halda sýningu á verkefninu um páskana á Verbúðinni 66. Hugmyndin kviknaði við markhópagreiningu á því hverjir eru að heimsækja Hrísey og hverju hópanir eru að sækjast eftir. Algengustu spurningar ferðamanna eru: Búið þið hér allt árið? Hvað gerið þið á veturna? Bar þetta undir fleiri og eru flestir sammála. Með sýningunni er verið að svara þeirri spurningu að hluta.

Fræðandi fyrirlestrar AkureyrarAkademíunnar (AkAk) fyrir íbúa öldrunarheimila Akureyrarbæjar og aðra bæjarbúa.

Samstarfsverkefni AkureyrarAkademíunnar og öldrunarheimila Akureyrarbæjar á árinu 2021 sem felur í sér að fræðimenn AkAk halda fyrirlestra á heimilunum fyrir íbúa þeirra sem eru jafnframt opnir öðrum bæjarbúum í þeim tilgangi að auka framboð á fjölbreyttu og aðgengilegu menningartengdu efni fyrir eldri borgara og stuðla að auknum lífsgæðum þeirra.

SKAPANDI AKUREYRI AKUREYRI CREATIVE

KORT / SKAPANDI STAÐIR Á AKUREYRI & NÁGRENNI
MAP / CREATIVE SPOTS IN AKUREYRI & SURROUNDINGS

Skapandi Akureyri - Akureyri Creative

Skapandi Akureyri - Akureyri Creative verður vefrænt og prentað kort. Það sýnir nær 30 ólíka staði á Akureyri og í nágrenni, þar sem frumsköpun og miðlun í listum og menningu fara fram. Kortið endurspeglar Akureyri sem suðupott menningar á stærra svæði og endurspeglar grósku og fjölbreytileika menningarlífs staðarins. Kortið hvetur fólk til þess að fara fótgangandi, hjólandi eða á bíl og kynna sér betur þessa staði og kynnast nýju. Skapandi Akureyri fer í víðtæka dreifingu bæði í raunheimum og á netinu. Kortið er unnið í samstarfi Flóru menningarhúss og Cave Canem hönnunarstofu á Akureyri.



Arctic Celebration. Art -Culture and Heritage

Unnið hefur verið að verkefninu nú í 2 ár meðal annars með styrk frá Akureyrarstofu. Vel hefur gengið og er nú verið að þýða verkefnislýsingu á tungumála frumbyggja á norðurslóðum. Búið er að sækja um styrk til Nordic Arctic Programme en eftir er að sækja um í 3 aðra sjóði og þá til einstakra hluta verkefnisins. Þeir sjóðir eru N.O.R.A. Nordisk Kulturfond og Vestnorræni sjóðurinn auk svo smærri sjóða.



Uppáhalds Teiknimyndirnar okkar

Uppáhalds teiknimyndalögin okkar er tónleikasýning með meiru og verður sett upp með hljómsveit, kór, barnakór, sögumanni og einsöngvurum. Sýningin verður blanda af lögum úr t.d. Konungur Ljónanna (The Lion King), Shrek, Herkúles, Sögunni Endalaus (The Neverending story), Anastasiu, Öskubusku og fleiri teiknimyndum. Sérstakir búningar verða notaðir fyrir hvert lag og senan örlítið leikin.



Upptaka á laginu "Kul í Hjarta"

Við erum fjórir drengir með hljómsveit á Akureyri og erum mjög metnaðarfullir í því sem við gerum. Við erum að vinna að lagi sem okkur langar að hafa frekar stórt og mikið. Því langar okkur að fá styrk til þess að mynda samstarf með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands við upptökur á laginu Kul í Hjarta.



Ari Orrason

Sumartónleikar með Ara Orrasyni, Birki Blæ og Eik og Agli er samvinnuverkefni titlaðs tónlistarfólks. Þeir verða í samstarfi við græna hattinn og munu samstanda af frumsömdu efni, ábreiðum og útfærslur tónlistarfólks á lögum hvors annars. Með þessu erum við að vonast til að ekki aðeins koma okkur á framfæri heldur sýna hvað ungt tónlistarfólk á Akureyri hefur að bjóða upp á.




Constellations

Verkið Constellations eftir Nick Payne fjallar um ástarsamband býflugnabóndans Roland og heimsfræðingsins Marianne og tilvist sambands þeirra í öðrum víddum og raunveruleikum út frá fjölheimakenningum í skammtafræði. Constellations er einstök saga sem varpar nýju ljósi á ástina og tengsl milli manna. Verkið fer um víðan völl og snertir á fjölmörgum atriðum, þ.á.m. vináttu, ást, frjálsum vilja, fjölheimakenningu og hunangi Eitt samband, ótal útkomur.




Hárið í tónleikauppfærslu

Árið er 1967 og hipparnir í New York ætla sér að breyta heiminum. Þau eru villt, frjálst og sameinuð í mótmælum og söng, í skugga Víetnamsstríðsins. Söngleikurinn Hárið er vægast sagt þekktur hér á landi. Bæði hafa atvinnuleikhúsin sett verkið upp, sjálfstæðir leikhópar og Menntaskólar. Tónlistin er flestum kunn og lifir hún alltaf bæði sem heild í verki og stök lög fyrir tónleikahald. Þessi söngleikur er nú kominn á sextugsaldurinn, en er alltaf jafn ferskur og ögrandi. Hárið er kraftmikil sýning sem fagnar lífinu, frelsinu og jafnréttinu. Það þykir því góð ástæða til að setja þetta verk upp.



Sólarlög 2021

Sólarlög 2021 verða rafmagnaðir tónleikar á norðurenda Grímsey Eyjafæti, á sumarsólstöðuhelginni, föstudaginn 18. júní. Tónlistarfólkið kemur frá Akureyri. Tónleikarnir eru nú haldnir í annað sinn en þeir tókust gríðarlega vel í fyrra.



Tónlist allt um kring, allan ársins hring

Trío Akureyrar mun standa fyrir viðburðum hjá Akureyrarbæ (á Akureyri, í Hrísey og Grímsey) dreift yfir árið. Byrjað verður á sumartónleikum þar sem fléttast saman dægursöngvar og sögur, því næst taka við uppskerutónleikar í anda októberfest í haust, jólakveðja úr Eyjafirði verður tekin upp hjá fyrirtækjum dreift um svæðið.



Úti er ævintýri

Hátíðin Úti er ævintýri er í senn uppskeru- og vígsluhátíð fyrir samnefnt verkefni sem er í smíðum. Úti er ævintýri er æsispennandi ratleikur um Kjarnaskóg þar sem þátttakendur leita að persónum úr vinsælum barnabókum og læra í leiðinni að lesa úr korti. Verkefnið sameinar barnamenningu, útivist, hreyfingu, myndlist, lestur og náttúrulæsi. Persónurnar sem fela sig í skóginum eru hannaðar og smíðaðar af börnum í samstarfi við listamenn og með aðstoð unglinga. Nokkrar persónur voru smíðaðar sumarið 2020 en næsti hópur mun líta dagsins ljós sumarið 2021.



Syngjum í sundi - afmælistónleikar með þátttöku gesta

Verkefnið felur í sér að halda veglega sönglagatónleika í Sundlaug Akureyrar í tilefni Akureyrarvöku. Sérstök áhersla verður lögð á að höfða til fólks á öllum aldri og hvetja sundlaugargesti til þátttöku í tónleikunum. Markmiðið er að auðga og breikka hina glæsilegu afmælis dagskrá Akureyrarbæjar og búa til ógleymanlega upplifun fyrir heimamenn og gesti.



Bærinn okkar

ÁLFkonur óska eftir styrk fyrir uppsetningu árlegrar ljósmyndasýningar í Lystigarðinum. Að þessu sinni er fókusinn settur á "bæinn okkar" þar sem við ætlum að sýna aðrar hliðar bæjarins en þá sem ferðamenn og gestir sjá venjulega. Valdir verða staðir sem eru ekki endilega augljósir við fyrstu skoðun. Við teljum Ljósmyndasýningu í Lystigarðinum vera eitt af því sem dregur fólk í Lystigarðinn. Margir ganga að sýningunni vísri enda er þetta 10. sýning okkar ÁLFkvenna í garðinum. Sýningarnar vekja alltaf mikla athygli og umtal og eru orðnar fastur punktur í bæjarlífinu sem margir bíða eftir.



Sumartónleikar Elju

Kammersveitin Elja heldur sumartónleika í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Elja, sem er skipuð um 30 ungum klassískum hljóðfæraleikurum, mun undir stjórn Bjarna Frímanns Bjarnasonar flytja fjölbreytta efnisskrá sígildrar og samtímatónlistar. Verða tónleikarnir með ferskan, sumarlegan andblæ og inniheldur efnisskráin ný verk eftir ung íslensk tónskáld, Ástu Kristínu Pjetursdóttur og Hjalta Nordal, í bland við klassísk verk Lutoslawski og Prokofiev.



Töfrandi heimur flyglanna – flygladúó

Töfrandi heimur flygilsins er yfirskrift tónleikanna. Flygladúóið Sóley leikur verk frá mismunandi tímabilum tónlistarsögunnar, sem veita innsýn í hinn margbrotna tónheim tveggja flygla. Á tónleikunum munu hljóma verk eftir Händel, Mozart, Ravel, Piazzolla og Shostakovich, ásamt glænýjum verkum eftir tvö íslensk tónskáld sem samin eru sérstaklega fyrir dúóið. Hinn stórbrotni hljóðheimur flyglanna verður í forgrunni á tónleikunum, þar sem stíll hvers tímabils skín í gegn og möguleikar flyglanna verður nýttur til hins ýtrasta.




Kaka fyrir þig

Mig langar að gera stuttmynd á eyðibýlum við Eyjafjörð og sýna það á A! 2021. Síðasta sumar fékk ég hugmyndina og gerði nokkrar tilraunir. Stuttmyndin fjallar um konuna sem býr á eyðibýlinu. Hún stendur við eldhúsgluggann og er að stússa. Vinnuhreyfingar í bland við fantasíu gerast. Sumt þekkt konur úr eigin eldhúsi, annað er óvænt og gefur vísbendingu um tilfinningu. Hún strýkur af borðinu, hengir upp gardínu og frelsisþráin brýst út. Hún þráir annað en það sem hún fékk, svo horfir hún út um gluggann og brosir, sátt, með trega þeirrar sem ekki hafði val. Ég hugsa um formæður mínar.



Hún Grét Gulli

The work Hún Grét Gulli is a physical manifestation, through poems and visualisation, of an ongoing conversation between us, Fríða and Nathalie, where we discuss our common cultural heritage, the Old Norse culture. Drawing from the Nordic mythology where there are many instances of mutable gender expression, we explore a more diverse portrayal of femininity, we want to make space for nuanced female representation and address the uncompromising structures and narrow attitudes regarding gender roles we cannot identify with.



Birkir Blær Óðinsson

Sumarstyrkur ungra listamanna
júní-ágúst


Markmið stuðningsins er að gera styrkhafa kleift að takmarka vinnu sína með námi og leggja meiri áherslu á að iðka list sína og koma fram á sumrhátíðum bæjarins.



Tónlistarfélag Akureyrar

Samstarfssamningur 2021-2023

Félagið hefur verið með samning við Menningarsjóð um árabíl nema síðasta ár en þá fórst fyrir að sækja um vegna misskilnings. Félagið sem stofnað er árið 1943 stóð m.a. fyrir stofnun Tónlistarskólans á Akureyri á sínum tíma og að stofnun Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. Eitt af meginmarkmiðum félagsins hefur alltaf verið að standa fyrir vönduðum tónleikum þar sem bæði heimamönnum gefst kostur á að koma fram sem og að fá hingað góða gesti annars staðar að af landinu sem og erlendis frá.



Sumartónleikar í Akureyrarkirkju

Samstarfssamningur 2021-2023

Sumartónleikar í Akureyrarkirkju er næst elsta tónleikaröð landsins og hefur hún verið haldin síðan 1987. Hún hefur í áranna rás aukið fjölbreytileikann í menningarflóru Akureyrar og Norðurlands. Horft verður til þess að tónleikarnir sé fjölbreytilegir og höfði til ólíkra markhópa en sérstök áhersla verður sem fyrr á klassíska tónlist. Aðgangur að tónleikum er ókeypis og hafa tónleikar síðustu ára verið mjög vel sóttir, bæði af heimamönnum og ferðafólki.



Karlakór Akureyrar Geysir

Samstarfssamningur 2021

KAG æfir og syngur og býður upp á tónleika amk. tvisvar sinnum á ári. Auk þess leggur KAG að mörkum til Akureyrarvöku og með söng fyrir samfélagið, á dvalarheimilum og sjúkrastofnunum - og í samstarfi við aðila í viðskiptum. Stjórn KAG hefur sett á dagskrá sérstakt verkefni til að ná til ungra söngmanna - með formlegri stofnun "Ung-Karlakór-Akureyrar-Geysis" - þar sem 16-24 ára körlum verður boðin þjálfun án gjaldtöku.

Ívan Méndez

Samstarfssamningur 2021-2023



Hauststilla er tónlistarhátíð sem er ætluð til þess að efla grasrótartónlistarmenningu Akureyrar og hjálpa tónlistarfólki, sem er að semja og flytja frumsamið efni, að koma sér á framfæri. Áhersla er lögð á þægilega góða stemmingu í notalegu umhverfi. Í ár munum við halda Hauststillu í fjórða skipti, á Græna hattinum líkt og í fyrra. Hugsjón okkar er að stækka hátíðina og gera hana viðfangsmeiri, hægt og bítandi, með ári hverju.